

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framan-skráðu.

Föstudaginn 21. nóvember 1952.

Nr. 27/1952. **Jón Kristjánsson** (Einar Arnórsson)

gegn

Helga Benedikssyni og gagnsök

(Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Krafa um skaðabætur vegna vanefnda á námssamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1952. Krefst hann staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms, öðrum en málskostnaðar, svo og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 15. marz 1952. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara* sýknu að svo stöddu. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Líta verður svo á, að gagnáfrýjandi hafi verið bundinn við námssamning þann, sem í málinu greinir, og heimilt hafi verið að bera kröfur vegna vanefnda á þeim samningi undir gerðardóm samkvæmt ákvæðum laga nr. 100/1938. Ekki verður talið samkvæmt gögnum máls þessa, að skipun gerðardómsins eða dráttur sá, sem varð á meðferð málsins fyrir gerðardóminum, eigi að valda ógildi úrskurðar dómsins.

Við ákvörðun fébóta til handa aðaláfrýjanda bar gerðardómsmönnum að ætlast á um það fjártjón, er aðaláfrýjandi beið af því að verða að hætta námi hjá gagnáfrýjanda og afla sér námsvistar annars staðar. Bar þá og að líta til þeirra kjara, sem ætla mátti, að aðaláfrýjandi yrði að sæta annars staðar í sömu iðngrein það, sem eftir var námstímans, samborið við þau kjör, sem aðaláfrýjandi hafði hjá gagnáfrýjanda. Einnig bar við það að miða, að aðaláfrýjandi hefði hafizt handa um að afla sér annarrar námsvistar innan hæfilegs tíma, talið frá 31. október 1947, er Snæbjörn Bjarnason trésmiðameistari hætti störfum hjá gagnáfrýjanda og aðaláfrýjandi mátti sjá, að gagnáfrýjandi stóð eigi við náms-samninginn. Aðaláfrýjandi hélt hins vegar áfram störfum hjá gagnáfrýjanda, þar til um mánaðamótin júní—júlí 1949, og er ósannað, að kvartað hafi verið af hans hendi undan vanefndum gagnáfrýjanda fyrr en síðari hluta vetrar 1949. Þá er og ósannað, að aðaláfrýjandi hafi leitað eftir annarri námsvist fyrr en einhvern tíma sumars sama ár og þá aðeins hjá einu iðnfyrirtæki, að því er virðist.

Gerðardómsmenn hafa ekki tekið neitt tillit til framan-greindra atriða við ákvörðun fébóta til handa aðaláfrýjanda og hafa miðað bæturnar við námskostnað og námskjör í ann-arri iðngrein. Þeir hafa því ekki að þessu leyti gætt löglegra sjónarmiða við ákvörðun bótanna, og er á valdi dómstóla að meta úrskurð gerðardóms ógildan, þegar svo er ástatt. Máls-ástæður þessar hafa að vísu ekki verið hafðar uppi af hálfu gagnáfrýjanda í flutningi málsins, en samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936 þykir þó rétt að byggja úrlausn málsins á þeim. Ber því að fella úrskurð gerðardómsins úr gildi.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um greiðslu sjúkrabóta, sjúkrasamlagsiðgjalda og gjalda til almannatrygginga svo og vexti af þeim fjárhæðum, með þeirri leiðréttingu reikningsskekkju, að sjúkrabætur lækka í kr. 5282.86, enda hafa kröfur þessar ekki sætt sérstökum and-mælum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Úrskurður gerðardóms þess, er í málinu greinir, er úr gildi felldur.

Gagnáfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Kristjánssyni, kr. 6146.86 með 5% ársvöxtum af kr. 5282.86 frá 1. september 1947 til 1. júlí 1949 og af kr. 6146.86 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., var höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Kristjáni Kristóferssyni f. h. Jóns Kristjánssonar með stefnu, útgefinni 20. júní 1950, birtri 21. s. m., á hendur Helga Benediktssyni, kaupmanni hér í bæ. Voru stefnukröfur þær, að stefndi greiddi skaðabætur, vexti og málskostnað samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950, að fjárhæð kr. 45.000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað og enn fremur greiðslu á sjúkrabótum, kr. 10491.68 með 5% ársvöxtum frá 1. maí 1947 til greiðsludags, til greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda fyrir tímabilið 1. nóvember 1946 til 1. júlí 1949, kr. 432.00, og til greiðslu gjalda til almannatrygginga árin 1947—1949, að báðum árum meðtöldum, kr. 1070.00. Af tveimur síðast töldum fjárhæðum var krafizt 5% ársvaxta frá 1. júlí 1949 til greiðsludags. Þá var og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína um sjúkrabætur í kr. 5482.86 og kröfu um tryggingariðgjöld samkvæmt 108. gr. laga nr. 50/1946 í kr. 432.00.

Stefndi hefur látið mæta í málinu og gerir þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins, og til vara, að hann, þ. e. stefndi, yrði sýknaður að svo stöddu.

Sáttatilaun í málinu reyndist árangurslaus.

Í máli þessu var kveðinn upp dómur í bæjarþingi Vestmannaeyja 2. desember 1950, en með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 1951 var héraðsdómurinn ómerktur og málsmeðferð frá 29. júní 1950, og var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Samkvæmt fyrirkalli, dags. 30. nóvember s.l., birtu 4. desember s.l., var málið tekið fyrir að nýju á bæjarþingi Vestmannaeyja 6. desember s.l., og lágu þá fyrir skjöl málsins, sem til voru 29. júní 1950, en frá þeim tíma var málsmeðferðin ómerkt.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, er hér segir:

Hinn 1. nóvember 1946 var gerður námssamningur milli stefnda sem

lærimeistara og stefnanda, Jóns Kristjánssonar, um nám í húsasmíði. Var samningurinn undirritaður af stefnda ásamt Snæbirni Bjarnasyni trésmíðameistara, sem þá var í þjónustu stefnda og skyldi sjá um kennsluna, og enn fremur af Jóni Kristjánssyni sem nemanda og föður hans, Kristjáni Kristóferssyni, sem fjárhaldsmanni sonar síns Jóns. Var samingurinn áritaður samþykki iðnfulltrúanna í Reykjavík 25. nóvember 1946 og af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 31. janúar 1947, sem jafnframt vottar það, að samningurinn sé samkvæmt gildandi iðnlöggjöf.

Í samningnum er tekið fram, að stefndi skyldi greiða í kaup venjulegt tímakaup verkamanns í Vestmannaeyjum.

Nemandi skyldi sjálfur kosta fæði og húsnæði svo og iðnskólanám sitt og prófkostnað og leggja sér til handverkfæri. Að öðru leyti virðist samningurinn ekki frábrugðinn venjulegum námssamningum.

Sama dag og samningurinn var undirritaður byrjaði stefnandi að vinna hjá stefnda og vann hjá honum til 26. s. m., en þá veiktist hann og var óvinnufær til 12. ágúst 1947, að undanskildum 4 dögum í janúar 1947. Frá 12. ágúst 1947 til 31. október s. á. vinnur stefnandi áfram undir handleiðslu Snæbjarnar Bjarnasonar, en þann dag fór Snæbjörn úr þjónustu stefnda, en stefnandi vann áfram hjá stefnda án handleiðslu eða tilsagnar trésmíðameistara þar til í lok júnímánaðar 1949. Taldi stefnandi þá, að með því að kennslan væri stórlega vanrækt, væri námssamningurinn vanefndur, og fór faðir stefnanda þá á fund stefnda út af þessu. Til nokkurs árekstrar kom á milli þeirra, er þeir fundust 1. júlí 1949, og kemur þeim ekki saman um, hvað skeð hafi.

Stefnandi hóf síðan nám í annarri iðn og virðist hafa gert námssamning að nýju 1. ágúst 1949.

Stefnandi taldi sig eiga skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna vanefnda hans á námssamningnum. Óskaði hann þess með bréfi 14. október 1949, að gerðardómur yrði skipaður samkvæmt 19. gr. laga um iðnnám til þess að dæma um bætur vegna ólögleggrar riftunar og vanefnda stefnda á námssamningnum. Í bréfi 1. nóvember 1949 tilnefnir stefnandi Jón Eiríksson skattstjóra í dóminn, og 4. nóvember 1949 tilnefndi stefndi Jóhannes Eliasson, fulltrúa í Stjórnarráðinu, í dóminn af sinni hálfu.

Dómurinn kom saman 14. marz 1950.

Af dómurum voru mættir Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta, sem formaður dómsins og Jón Eiríksson skattstjóri. Jóhannes Eliasson var ekki mættur, og er bókað í þessari fyrstu setu dómsins, að búizt hafi verið við honum allan síðastliðinn mánuð, en nú væri hann kominn til Danmerkur.

Stefndi, Helgi Benediktsson, mætti og mótmælti fyrirtöku gerðardómsmálsins, vegna þess að það væri ekki lengur dómtækt vegna vangeymslu um fyrirtækt samkvæmt 19. gr. iðnnámslaga. Krafðist hann þess einnig, að Jón Eiríksson viki úr dómnum vegna afskipta hans af undirbúningi málsins. Málið var tekið fyrir að nýju 22. marz, og var Jóhannes Eliasson enn ekki mættur og málinu frestað. Kom dómur saman að nýju 27. marz, og voru þá allir dómarnir mættir. Í þeirri setu dómsins vék Jón Eiríks-

son sæti, en málinu frestað til 4. apríl. Var málið þá tekið fyrir af formanni dómsins einum, og lýsti Kristján Kristófersson þar yfir, að hann tilnefndi Gunnar Pálsson lögfræðing í dóminn af sinni hálfu í stað Jóns Eiríkssonar. Upplýst var, að Jóhannes Eliasson hafði komið til Vestmannaeyja daginn áður, en farið aftur, þar sem sýnt þótti, að hinn nýi dómari, Gunnar Pálsson, myndi ekki mæta að svo stöddu. Var málinu frestað, en tekið fyrir aftur að nýju 21. apríl og 5. maí af dómformanni einum, þar eð hinir gerðardómsmennirnir mættu ekki. Loks 25. maí var málið tekið fyrir að öllum gerðardómsmönnum viðstöddum.

Kom þá til ágreinings innan dómsins um það, hvort hann sjálfur skyldi úrskurða um það, hvort halda bæri málinu áfram fyrir gerðardóminum, þar eð stefndi taldi óhæfilegan drátt hafa orðið á meðferð málsins fyrir dóminum, eða hvort héraðsdómari einn ætti um það úrskurðarvald.

Meiri hluti gerðardómsins úrskurðaði, að meðferð málsins skyldi haldið áfram.

Minni hlutinn var á þeirri skoðun, að úrskurðarvald um réttarfarsatriði heyrði ekki undir gerðardóminn, heldur héraðsdómara einan.

Þann dag hætti Jóhannes Eliasson störfum í dóminum og taldi stefnda hafa með bréfi svipt sig umboði til að starfa áfram í dóminum, en stefndi neitaði að tilnefna annan í hans stað.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, Gunnar Þorsteinsson, hafði þá tekið við formannsstörfum í dóminum, og fóru þeir, hann og Gunnar Pálsson, einir með gerðardómsmálið eftir þetta. Var málið tekið undir úrskurð 27. maí, og úrskurður kveðinn upp 8. júní 1950. Samkvæmt úrskurðinum var talið, að stefndi hefði vanefnt námssamninginn stórkostlega. Var honum gert að greiða kr. 45.000.00 í bætur ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað til stefnanda og auk þess kr. 1500.00 í þóknun til Jóhannesar Eliassonar.

Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í gerðardóminum.

Þykir rétt að taka þenna hluta stefnukröfunnar til athugunar sérstaklega.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu þessari og borið fram margar ástæður fyrir sýknukröfu sinni, og skulu þær nú athugaðar:

Í fyrsta lagi krefst stefndi sýknu vegna þess, að ágreiningsefnið heyrir ekki undir gerðardóm, og færir til þær ástæður, að námssamningur sá, sem gerður hafi verið, hafi aldrei verið löglegur námssamningur í merkingu iðnnámsslaganna, og þó svo væri, þá sé ágreiningurinn ekki út af vanefndum, heldur sliti á samningnum, sbr. 17. gr. laga nr. 100/1938, og komi slíkur ágreiningur ekki undir gerðardóm samkvæmt 19. gr. sömu laga.

Rétturinn verður að líta svo á, að hér sé um iðnnámssamning að ræða í merkingu iðnnámsslaganna. Að vísu var stefndi ekki meistari í iðn þeirri, sem námssamningurinn var gerður um, en það þykir mega skilja 2. gr. laganna svo, að iðnrekendur megi taka nemendur til náms, hafi þeir í þjónustu sinni meistara í iðninni. Það er viðurkennt, að stefndi

hefur gert iðnnámssamninga við fleiri nemendur, enda hefur hann rekið umfangsmikinn atvinnurekstur mörg undanfarin ár. Skiptir hér ekki máli í þessu sambandi, hvort hann hefur iðjuleyfi eða ekki. Námssamningurinn var staðfestur sem löglegur af lögreglustjóra og áritaður af iðnfulltrúum, og verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Þá er á það að líta, hvort um slit samkvæmt 17. gr. iðnnámsslaganna sé að ræða, og málið heyri því ekki undir gerðardóm af þeim ástæðum. Stefndi hefur að vísu haldið því fram, en því er mótmælt af stefnanda, að þeir hafi verið búnir að koma sér saman um slit á námssamningnum. Bendir hann og á, að nemandinn hafi haldið því fram, að faðir sinn hafi farið á fund stefnda til þess að fá námssamningnum „slitið“. Það virðist þó ljóst, að samkomulag hefur ekki orðið um slit á samningnum samkvæmt 17. gr. laga nr. 100/1938, eða a. m. k. yrði stefndi að sanna, að slíkt samkomulag hefði orðið. Með því að slíkt sönnun liggur ekki fyrir, verður að líta svo á, að málið sé höfðað vegna vanefnda á samningnum og heyri því undir gerðardóm samkvæmt 19. gr. margnefndra laga. Verður því sýknukrafa stefnda af þessari ástæðu ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefur stefndi krafist sýknu á þeim grundvelli, að meðferð gerðardómsins hafi verið í verulegum atriðum ólögleg. Færir hann til þessar ástæður:

1. Stefndi telur, að hvorki Gunnar Pálsson né Gunnar Þorsteinsson hefðu átt að taka sæti í gerðardóminum, þar sem aðstaða þeirra hvorugs hafi objektivt séð verið hlutlaus gagnvart sér.

Gunnar Pálsson er skipaður dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá út af rannsókn á ýmsum meintum brotum stefnda gegn innflutnings- og gjaldeyrislögum. Hefur sú rannsókn staðið yfir langan tíma. Ekki verður séð, að hann hafi á neinn hátt komið svo fram í þessari rannsókn, svo kunnugt sé, að ætla megir, að hann sé ekki fullkomlega óvilhallur í garð stefnda. Hafa engar þær ástæður verið fram færðar, sem benda á annað.

Gunnar Þorsteinsson var bæjarfógeti í Vestmannaeyjum og hafði því afskipti af málaferlum stefnda, bæði að því er snerti brot hans á lög-reglusamþykkt, og sem fógeti hafði hann innheimtu á opinberum gjöld-um hjá stefnda. Ekki verður á neinn hátt séð, að hann hafi hagað störf-um sínum þannig, að unnt sé að halda því fram, að hann hafi sýnt stefnda óvildarhug.

Verður því rétturinn að telja, að báðum þessum gerðardómsmönnum hafi verið rétt að taka þátt í dómstörfum í gerðardóminum.

2. Stefndi telur, að meðferð gerðardómsins hafi verið ólögleg að því leyti, að málinu hafi verið frestað langt fram yfir það, sem löglegt var og heimilt.

Það er að sönnu rétt, að langur tími leið, frá því að til gerðardómsins var stofnað og þar til málið var tekið fyrir í fyrsta sinn. Enn fremur er það rétt, að málinu var frestað samtals 6 sinnum, og liðu tveir mánuðir frá fyrirtekt og þar til málið var tekið undir úrskurð. Hefur í úrskurði gerðardómsins verið gerð nánari grein fyrir ástæðum til þessa dráttar, og þykir verða að leggja frásögn hans til grundvallar. Telur gerðardómur-

inn, að um lögleg forföll hafi verið að ræða. Stefndi litur hins vegar svo á, að ákvæði 19. gr. iðnnámslaganna skeri hér algerlega úr, og undir engum kringumstæðum megi frestir vera fleiri eða lengri en þar er til tekið. Á þessa skoðun stefnda getur rétturinn ekki fallið. Mál þetta er umfangsmikið og snerist um háar fjárkröfur. Báðir hinir tilnefndu meðdómsmenn voru búsettir utan lögsagnarumdæmisins, svo að varla var fyrirsjáanlegt, að ljúka mætti málinu innan þeirra þröngu tímatakmarka, sem 19. gr. iðnnámslaganna setur. Hins vegar virðist réttinum drátturinn hafa verið langur, en þykir þó ekki rétt, að hann varði ómerkingu gerðardómsins.

3. Þá telur stefndi, að gerðardómurinn hafi farið út fyrir valdsvið sitt með því að dæma bætur fyrir hugsanlegt óröðið tjón og með því að úrskurða stefnda til málskostnaðargreiðslu.

Á þetta verður ekki fallið. Í slíkum málum virðist einsætt, að mjög oft þarf einmitt að taka tillit til óröðins tjóns. Engin takmörk eru heldur sett valdsviði gerðardómsins, og þyrfti skýr ákvæði til þess að þrengja valdsvið hans þannig. Hvað viðvikur ákvæði gerðardómsins um málskostnað gegnir svipuðu máli. Mun hvort tveggja hafa tíðkæzt, að málskostnaður væri tildæmdur og ekki, og telur rétturinn slíkt ekki geta valdið ómerkingu gerðardómsins.

Svo sem að framan segir, telur rétturinn, að sýknukrafa stefnda vegna meðferðar gerðardómsins á málinu skuli ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi hefur stefndi krafist sýknu af þeim ástæðum, að enginn sjálfstæður, efnalegur grundvöllur sé fyrir kröfum stefnanda, þar á meðal ekki fyrir sjúkrabótum etc.

Á þetta verður heldur ekki fallið. Grundvöllur undir kröfu stefnanda er gerðardómurinn, sem að framan getur. Er kröfugerð stefnanda í samræmi við úrskurð dómsins. Verða því kröfur stefnanda samkvæmt úrskurði gerðardómsins teknar til greina.

Varðandi kröfu um sjúkrabætur, sem stefnandi hefur undir rekstri málsins lækkað niður í kr. 5482.86 og síðan upplýst með vottorði Loftleiða h/f, að þær eigi enn fremur að lækka um kr. 160.00 og verða því kr. 5322.86, vísar stefnandi til 12. gr. iðnnámslaganna, en þar segir, að auk læknishjálpar og hjúkrunar skuli meistari greiða annan framfærslukostnað nemanda. Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari, en ekki fjárhæð hennar, og verður hún því tekin til greina að fullu, þar sem hún virðist ekki óhófleg.

Krafa vegna greiðslu sjúkrasamlagsgjalda, sem í stefnu voru talin kr. 432.00 og kvittanir lagðar fram fyrir, verður einnig tekin til greina, með því að meistara ber að greiða slík gjöld, sbr. 12. gr., 2. mgr., laga nr. 100/1938.

Krafa vegna iðgjalda til almannatrygginga var gerð í stefnu, að fjárhæð kr. 1070.00. Undir rekstri málsins, í greinargerð stefnanda á réttarskjal 14 um veikindakostnað stefnanda, virðist krafa þessi færð niður í kr. 432.00. Krafa þessi um iðgjöldin samkvæmt 107. gr. laga um almannatryggingar er gerð samkvæmt 108. gr. sömu laga, sem segir, að meistari

skuli inna þau af hendi fyrir nemendur sína. Ber að taka þenna kröfulið til greina.

Af fjárhæðum þessum er krafizt 5% ársvaxta, af sjúkrabótum frá 1. maí 1947 og af sjúkrasamlags- og tryggingargjöldum frá 1. júlí 1949, hvort tveggja til greiðsludags.

Þykir rétt að taka vaxtakröfuna til greina, en þó aðeins frá 1. september 1947, að því er sjúkrabæturnar varðar.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda gerðardómskröfuna, kr. 45.000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950.

Enn fremur greiði stefndi stefnanda kr. 5322.86 + 432.00 + 432.00, samtals kr. 6186.86, með 5% ársvöxtum, af kr. 5322.86 frá 1. sept. 1947 til 1. júlí 1949 og af kr. 6186.86 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að verjandi málsins, Sigurður E. Ólason hæstaréttarlögmaður, hefur lagt fram í máli þessu ýmis skjöl með mjög ósæmilegum rithætti. Eru og sum þeirra málinu næsta óviðkomandi, og þykir þetta því vítaverðara, að þau eru lögð hér fram, eftir að Hæstiréttur hefur í frávisunardómi sínum fundið að rithætti þeirra. Þykir þó ekki næg ástæða til að sekta hann fyrir framlagninguna.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Kristjáni Kristóferssyni f. h. Jóns Kristjánssonar, kr. 45.000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950.

Enn fremur greiði stefndi stefnanda kr. 6186.86 með 5% ársvöxtum, af kr. 5322.86 frá 1. sept. 1947—1. júlí 1949 og af kr. 6186.86 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.